

Slysavarnardeild Kjalarness – SVDK

Afritun fundagerðabókar 1962 – 1970

13. janúar 1962

Aðalfundur félagsins var settur á Klébergi kl 2 e.h. 13/1 1962. Fundinn setti Sigríður Gíslad. og stjórnaði honum í veikindaförföllum formanns.

12 atkvæðisbærir voru á fundinum og nokkrir krakkar, einnig frá Slysav. Fél. Íslands, Garðar Viborg erindreki.

Lesnar voru tvær fundargerðir af ritara og einnig las ritari reikninga fél. í forföllum gjaldkera. Var hvortveggja samþykkt athugasemdalest. Næst tilkynnti fundarstjóri að kosið yrði í stjórn og að fráfarandi stjórn neitaði endurkjöri.

Atkvæði féllu þannig að kosnir voru:

Gísli Jónsson, Arnarholi 8 atkv.

Indriði Einarsson, Melum 6 atkv.

Unnur Andrésdóttir, Móum 6 atkv.

Snorri Gunnlaugsson, Esjubergi 5 atkv.

Hörður á Hofi 3 atkv,

Guðm. Lykkju 3 atkv,

Guðbjartur Króki 3 atkv,

Ingveldur á Vallá 3 atkv.

Var þá bundin kosning milli þeirra og fór svo að Ingv. Þorsteinsd. Vallá hlaut 8 atkv.

Í varastjórn voru kosnir:

Jón Leví Tryggvason 7 atkv.

Kristjana Magnúsdóttir 6 atkv.

Guðm. Daníelsson 6 atkv.

Hörður Hjálmarsson 5 atkv. og

Guðbjartur H. Guðbjartsson 5 atkv.

Endurskoðendur voru kjörnir án atkvæðagreiðslu:

Ólafur Bjarnason og Teitur Guðmundsson.

Fulltrúar á landsþing slysavarnafél. Íslands voru einnig kjörnir án atkvæðagreiðslu: þeir Ólafur Bjarnason, Brautarholti og Haraldur Jósefsson, Sjávarhólum en til vara Bjarni Þorvarðarson, Bakka og Bjarni Jónsson, Dalsmynni.

Ein umsókn barst um upptöku í fél. frá Guðrúnu Margréti Skúladóttur, Esjubergsandnámu og var samþ.

Orðið var því næst gefið laust. Garðar Viborg flutti kveðju frá slysavarnafél. Íslands og flutti nokkur ágæt hvatningarorð. Fundargerð því næst lesin og samþ. Fundarstjóri sleit því næst fundi og var þá aðeins eftir að horfa á kvikmynd hjá Garðari Viborg.

NB. Erindreki S.V.F.Í gerði þá athugasemd að deildin hefði á síðasta ári afhent sem gjöf til kaupa á sjúkraflugvél 3700/- sem deildin hefði aflað með því að halda skemmtun í því (augnamiði?). Vildi hann þakka þennan stuðning og óskaði að þess væri getið í bókum fél. Það sem vel væri gert, mætti ekki gleymast.

Björg Jóhannesd. Ritari

15. janúar 1962

Fyrsti stjórnarfundur hinnar nýkjörnu stjórnar S.V.D. Kjalarness haldinn að Klébergi 15. Janúar 1962. Gísli Jónsson las löggin fyrir stjórnina. Síðan skipti stjórnin með sér verkum þannig:

Gísli Jónsson, Arnarholti , formaður

Unnur Andrésdóttir, Móum, ritari

Snorri Gunnlaugsson, Esjubergi, gjaldk.

meðstjórnendur: Ingveldur Þorsteinsdóttir Vallá, Indriði Einarsson Melum

Rætt var um skipulag þorablótsins sem ákveðið var að halda með Búnaðarfélaginu. Einnig var rætt um að halda björgunaræfingu í vor. Snorri á Esjubergi ræddi um möguleika á að fá sjúkrabörur og hjálma. Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Unnur Andrésdóttir, ritari

27. apríl 1962

27. apríl var haldin stjórnarfundur í S.V.D. Kjalarness, að Móum kl. 9 s.d.

Allir stjórnarmeðlimir voru mættir ásamt formanni Slysavarnadeildarinnar Teiti í Móum. Rætt var um kaup á sjúkrabörum og gengið frá fulltrúum og umsóknum á landsþingið.

Björgunarsveitinni var falið að hafa æfingu í maí, júní. Formaður mælti með því að reyna að hafa aðalfundinn á réttum tíma, sem mun vera í desember. Fleira var ekki rætt, fundi slitið.

Unnur Andrésdóttir, ritari

3. desember 1962

Mánudaginn 3. desember var boðað til stjórnarfundar í S.v.d. Kjalarness að Klébergi kl. 9 s.d. Mættir voru allir stjórnarmeðlimir. Reikningar félagsins voru lagðir fram til umræðu. Snorri Gunnlaugsson, Esjubergi gat þess að hann hefði fengið sjúkrabörur sem lengi hafði verið reynt að fá, og komið þeim fyrir að Mógilsá, en þaðan er aðallega gengið á Esju, og er alltaf slyshætta í sambandi við fjallgöngur og því gott að hafa börur, ef bera þarf slasað fólk langan veg. Björgunaræfing fórst fyrir í vor, en verður vonandi haldin við fyrsta tækifæri. Rætt var um að halda aðalfund. 8. Des. kl. 2. E.h. Fundi slitið.

Unnur Andrésdóttir, ritari

8. desember 1962

Aðalfundur félagsins var settur að Klébergi laugardaginn 8/12 þ.m. kl. 2 ½ e.h. Fundinn setti Gísli Jónsson formaður. Mættir voru 7 meðlimir. Dagskrá fundarins var lesin. Fyrst var lesin Ársskýrsla. Lesin fundargerð, reikningar lagðir fram og samþykktir.

Formaður gerði grein fyrir starfi stjórnarinnar síðast liðið ár og sagði stjórnina ekki hafa starfað mikið, en þrjár stjórnarfundir haldnir.

Næst tilkynnti fundarstjóri að kosið yrði í stjórn. Atkvæði féllu þannig í aðalstjórn.

Anna Sigurðardóttir, Saurbæ 6 atkvæði,
Indriði Einarsson, Melum 6 atkvæði,
Jón Tryggvason, Skrauthólum 4 atkvæði,
Ingveldur Þorsteinsdóttir, Vallá 4 atkvæði,
Ingibjörg Sveinbjarnardóttir, Lykkju 4 atkvæði

Í varastjórn:

Gísli Jónsson, Arnarholti 6 atkvæði,
Þorbjörn Ásgeirsson, Dalsmynni 5 atkvæði,
Hörður Hjálmarsson, Hofi 5 atkvæði,
Snorri Gunnlaugsson, Esjubergi 4 atkvæði,
Unnur Andrésdóttir, Móum 4 atkvæði

Endurskoðendur voru kjörnir Ólafur Bjarnason, Brautarholti og Teitur Guðmundsson, Móum. Fulltrúar á landsþing slysavarnafél. Íslands voru kjörnir Ólafur Bjarnason og Haraldur Jósefsson. Tveir nýir meðlimir gengu í félagið þau Auður Kristinnsdóttir, Brautarholti og Þorbjörn Ásgeirsson, Dalsmynni.

Orðið var því næst gefið laust. Snorri Gunnlaugsson, Esjubergi kvaddi sér hljóðs og bað fundarmenn að minnast Guðmundar Guðmundssonar bónda í Móum, en hann lézt sl. ágúst að heimili sínu. Hann var einn af stofnendum s.v.d. Kjalarnes. Fundarmenn risu úr sætum til minningar um hann. Fundargerð því næst lesin og samþykkt. Fundi því næst slitið.

Unnur Andrésdóttir ritari

16. desember 1963

Fundur haldinn með stjórn slysavarnafélagsins á Klébergi, sunnudaginn 16. desember 1963. Fjórir voru mættir. Fundarefni var verkaskifting innan stjórnarinnar. Kosningar fóru þannig:

Jón Tryggvason kosinn formaður, 4 atkv.
Anna Sigurðardóttir, ritari, 3 atkv.
Ingibjörg Sveinbjarnardóttir, gjaldkeri, 3 atkv.
Meðstjórnendur Indriði Einarsson og Ingveldur Þorsteinsdóttir.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Anna Sigurðardóttir ritari

1. mars 1964

Aðalfundur sl.v.f. Kjalarneshrepps settur að Klébergi 1. mars 1964. Formaður setti fundinn. 8 voru mættir. Ritari las upp síðustu fundargerð. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins, niðurstöðu tölur: 9483,26 kr.

Einn nýr félagi Einar Jónsson, Móum gekk í félagið. Formaður las starfsskýrslu, gat um þorablótið, sem haldið var í janúar sl. Annað ekki gert, enginn stjórnarfundur haldinn. Síðan gengið til kosninga.

Formaður stakk upp á nokkrum nöfnum. Kosningu hlutu:

Gróa Þorvarðard. 8 atkv.

Þorbjörn Ásgeirsson 8 atkv.

Jón Ólafsson 7 atkv.

Hörður Hjálmarsson 7 atkv.

Indriði Einarsson 6 atkv.

Í varastjórn kosnir þessir:

Unnur Andrésdóttir 8 atkv.

Gísli Jónsson 6 atkv.

Snorri Gunnlaugsson 5 atkv.

Guðmundur Daníelsson 3 atkv.

Gísli Snorrason 3 atkv.

Endurskoðendur, Ólafur Bjarnason og Teitur Guðmundsson endurkjörnir með öllum atkvæðum.

Fulltrúar á landsþing Slysavarnafélags Íslands endurkjörnir Ólafur Bjarnason og Haraldur Jósefsson, með öllum atkvæðum. Ritara falið að boða nýju stjórninni kosningu þess.

Orðið síðan gefið laust, enginn tók til máls. Formaður gat þess að björgunartæki félagsins væru í óhvirðu og fundurinn skoraði á hina ný kjörnu stjórn að láta fara fram rannsókn á ásigkomulagi tækjanna, og koma þeim í geymslu, var það samþykkt. Formaður bað síðan fundarmenn að minnast tveggja nýlátinna félagsmanna, þeirra Gísla Guðmundssonar, Esjubergi, og Önnu Guðmundsd. Hofi með því að rísa úr sætum. Síðan þakkaði formaður fráfarandi stjórn gott samstarf og bauð hina nýju velkomna. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Anna Sigurðardóttir ritari

8. maí 1964

Föstudaginn 8. maí 1964 kom nýkjörin stjórn Slysavarnadeildar Kjalarness saman á fundi að Klébergi. Stjórnin skipti þannig með sér störfum með atkv.greiðslu.

Formaður: Hörður Hjálmarsson, Hofi.

Ritari: Jón Ólafsson, Brautarh.

Gjaldkeri: Indriði Einarsson, Melum.

Meðstjórnendur: Gróa Þorvarðard. og Þorbjörn Ásgeirsson.

Þá var útfyllt skýrsla um aðalfund, er senda skal Slysavarnafél. Ísl. Útbýtt var merkjum til sölu vegna lokadagsins 100 stk, er selja skyldi á kr. 15.00. Samþ. var að koma á æfingum í meðferð björgunartækja deildarinnar og athuga hvað endurnýja þurfi. Þá væri æskilegt að fengist leiðbeinandi til þessa frá Slysavarnafél. Íslands.
Fleira ekki rætt.

Jón Ólafsson

26. apríl 1966

Þeiðjudaginn, 26. Apríl 1966 var aðalfundur Slysavarnardeldar Kjalarness haldinn að Klébergi. Formaður Hörður Hjálmarsson setti fundinn.

Árið 1964 voru fullorðnir félagar 91, börn um 12.

Tekjur voru alls 3009.65 kr. Eignir félagsins voru kr 9708.25. $\frac{3}{4}$ tekna greiddar SVÍ voru kr 2257.45

Árið 1965 voru fullorðnir félagar 85, börn 10.

Tekjur voru 1675,00 $\frac{3}{4}$ þar af kr 1180. gr. SVFÍ

Hrein eign deildarinnar er kr 10,111.77

Björgunartæki deildarinnar eru geymd í Félagsheimilinu.

Í stjórn deildarinnar voru kjörnir:

Indriði Einarsson

Gróa Þorvarðardóttir

Jón L. Tryggvason

Sigríður Arnfinnsdóttir

Jón Ólafsson

Í varastjórn:

Unnur Andrésdóttir

Gísli Jónsson

Snorri Gunnlaugsson

Endurskoðendur: Ólafur Bjarnason, Teitur Guðmundsson

Kjörnir fulltrúar á landsþing SVFÍ, Ólafur Bjarnason og Gísli Jónsson

Rætt var um nauðsyn þess að efna til útbreiðslufundar á vegum félagsins og erindreka SVFÍ til að mæta þar. Vísað til næstu stjórnar. Fleira ekki rætt, fundi slitið.

Hörður Hjálmarsson,

Jón Ólafsson

7. marz 1968

Fimmtudaginn 7. marz 1968 kom stjórn Slysavarnardeildar Kjalarness saman á fund að Fólkvangi. Stjórn skipti með sér verkum á þennan hátt;

Formaður	Jón L. Tryggvason
gjaldkeri	Indriði Einarsson
ritari	Jón Ólafsson
meðstj.	Gróa Þorvarðardóttir
	Sigríður Arnfinnsdóttir

Samþykkt að fela formanni að hafa tal af fulltrúa SVFÍ og aðstoð til að fá á aðalfund kvikmynd og eða, leiðsögn í björgunaraðgerðum. Þá verði og athugað ástand björgunartækja.

Gjaldkeri gaf skýrslu um fjárhag félagsins, sem má teljast allgóður. Mun vera á 13. þús í sjóði. Hafa reikningar verið endurskoðaðir og greitt tillag til SVFÍ reglulega á síðustu árum, til þessa dags.

Nánara vísað til næsta aðalfundar. Fleira ekki rætt, fundi slitið.

Jón Ólafsson

Jón L. Tryggvason

23. janúar 1969

Árið 1969, fimmtudaginn 23. janúar kom stjórnin saman á fundi í Fólkvangi. Mættir voru allir stjórnarmenn. Formaður Jón L. Tryggvason skýrði svo frá að ekki hafði orðið af því að haldin yrði björgunaræfing á s.l. vori vegna veikindaforra. Hann skýrði svo frá að hann hefði haft tal af Hannesi Hafstein hjá SLVFÍ um björgunarmál. Þar hefði komið fram að stofnuð hefði verið Björgunarsveit í Mosfellssveit. Hefði sú sveit hug á að afla sér fluglínutækja. Hefði SVFÍ lagt til að samstarf yrði um slík tæki við Slysavarnadeild Kjalarness. Stjórnin var samþykkt því að ræða samstarf um fluglínutæki og starfrækslu björgunarsveita í Kjalarneshr. og Mosfellssv. Var Jóni L. Tryggvasyni og Jóni Ólafssyni falið að ræða þessi mál við formann björgunarsveitarinnar í Mosfellssv. Erling Ólafsson og þá jafnframt Hannes Hafstein til ráðlegginga.

Þá kom fram að þegar félagsheimilið væri fullbyggt yrði ekki aðstaða til geymslu björgunartækja, sem auðvelt væri að koma að. Samþykkt að leita til sv.stj. Kjalarneshr. hvort unnt væri að fá inni fyrir tækin í geymslu hreppsins við Kléberg. Ef til vill yrði þá að lagfæra húsið áður. Væri ekki óeðlilegt að Slysavarnadeildin leggði fram e-ð fé í þessu skyni.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Jón Ólafsson
Jón Levi Tryggvason
Gróa Þorvarðardóttir
Sigríður Arnfinnsdóttir
Indriði Einarsson

21. febrúar 1969

Árið 1969, 21. febr. Var haldinn aðalfundur Slysavarnardeildar Kjalarness.

Á fundinum mætti Hannes Hafstein frá SLVFÍ. Sýndi hann í byrjun fundar fræðslumyndir um björgun og lífgun úr dauðadái með munn og nef aðferðinni. Mættir um 14 félagar, auk 20 barna úr Klébergsskóla, sem horfðu á kvikmyndasýninguna.

Formaður, Jón L. Tryggvason setti fundinn og bauð fólk velkomið. Nýir félagar bættust við, voru það, Selma Kolbrúna Haraldsdóttir, og Ólafur Friðriksson. Formaður gat þess að langt væri um liðið síðan aðalfundur var haldinn, svo nú yrði bætt þar um. Félagið stóð að Hægri umferðarkvöldvöku, ásamt Kvenfélaginu Esju og UMF. Kjal. sl. vor, sem var vel sótt. Þá skýrði formaður svo frá að eftir tilmælum frá Hannesi Hafstein hefði verið rætt um að koma á samstarfi við nýstofnaða Björgunarsveit í Mosfellshreppi um fluglínutæki og önnur björgunarstörf. Vísast þar um til sj.fundar 23. Jan sl.

Gjaldkeri Indriði Einarsson las reikninga deildarinnar . Tekjur á árinu voru kr 2541.44 Hluti deildarinnar er ¼ kr 635.36 og til SLFÍ kr 1906.08 Eignir eru alls kr 13,073.42. Reikningar samþykktir.

Hannes Hafstein skýrði frá starfi björgunarsv. í Mosf. Og ræddi um væntanl. Samstarf um fluglínutækin. Yrði haldin sameiginleg æfing. Form. Gat þess að möguleikar væru á því að menn úr björgunarsveit hér væru með í störfum bj.sv. Mosfellhr.. Eftirf. Tillögur voru bornar upp:

1. Aðalfundur Svd. Kjal. Lýsir stuðningi við að tekið verði upp samstarf við bj.sv. Mosfellshr. Á grundvelli þeirra viðræðna sem fram hafa farið að tilhlutan erindreka SVFÍ. Samþykkt
2. Aðalf.felur stjórninni að endurskipuleggja bj.sv. (félagsins) deildarinnar. Einnig verði unnið að því að fá hentugan framtíðarstað fyrir björgunartækin og þau aukin með kaupum á talstöð og ljósaútbúnaði til leita. Samþykkt
3. Aðalf. Samþ. Að árgjald til deildarinnar skuli vera kr 50 fyrir fullorðna en kr 10 fyrir yngri en 16 ára.
4. Aðalf. Samþ. Að fela stjórninni að skipuleggja og koma á námskeiði í skyndihjálp ofl. Á þessum vetri. Samþ.

Stjórnarkjör:

Aðalmenn:

Jón L. Tryggvason

Indriði Einarsson

Ólafur Friðriksson

Sigríður Arnfinnsdóttir

Jón Ólafsson

Til vara:

Sigríður Gísladóttir

Bjarni Þorvarðarson

Teitur Guðmundsson

From. Pakkaði Hannes Hafstein fyrir komuna og fundarmönnum setuna. Fundi slitið.

Jón Levi

Jón Ólafsson

24. apríl 1969

Fimmtudaginn 24. Apríl 1969 kom nýkjörin stjórn Slysavarnardeildar Kjalarneshrepps saman á fund að Fólkvangi.

1. Stjórnin skipti þannig með sér störfum:

Formaður	Jón L. Tryggvasoon Fólkv.
ritari	Ólafur Friðriksson Esjubergi
gjaldkeri	Indriði Einarsson Melum
meðstjórnendur	Sigríður Arnfinnsdóttir Skrauth. Jón Ólafsson Brautarholti

2. Útfyllt var skýrsla um aðalfund og starf félagsins sem senda skal Slysavarnafélagi Íslands.

3. Formaður las bréf frá SVFÍ um björgunarsveitir og notkun talstöðva.

4. Formanni falið að kom á ákveðinni neiðarhringingu í sveitinni.

5. Stjórn ákvað að byggja upp samverkandi símaþjónustu innansveitar í neiðartilfellum.

Oddabæir eru	Esjuberg Brautarholt Fólkvangur
--------------	---------------------------------------

6. Svareð var bréfi SVFÍ frá 28.3. 1969 um formenn björgunarsveitanna og talstöðvar. Í svarbréfinu var SVFÍ gefnar upplýsingar um fyrrgreinda símaþjónustu. Fleira ekki rætt.

Jón Leví

Indriði Einarsson

Ólafur Friðriksson

14. janúar 1970

Miðvikudaginn 14. Janúar 1970.

Fundur haldinn í Fólkvangi með búnaðarfélaginu í Fólkvangi varðandi Þorrablót.

Samþykkt var að halda Þorrablót í Fólkvangi laugardaginn 24. Janúar.

Samþykkt að ráða hljómsveitina ForFingers og skemmtikraftana Árna Tryggvason og Klemens Jónsson.

Samþykkt miðaverð 350 krónu

Samþykkt að matur verði keyptur hjá Hreini Bjarnasyni

Ráðning skemmtikrafta Páll Ólafsson

Matarkaup Snorri Gunnlaugsson

Samþykkt að húsið hafi ölsöluna

Húsið sér um dyrsvörslu.

Borist hafði bréf frá sveitarstjórn Kjalarneshrepps þar sem óskað er umsagnar SLVK um stirkbeiðni björgunarsveitarinnar Kindils í Mosfellshreppi.

Vísast þar um til meðfylgjandi bréfs.

Stjórn SLVL er samþykk því að björgunarsveitin Kindill verði stírt í sínu gagnlega starfi, og telur æskilegt að slíkt framlega frá sveitarstjórn sé veitt í nafni SLVK vegna þess samstarfs sem komist hefur á milli björgunarsveita nefndra deilda.

Fundi slitið

Ólafur Friðriksson

Jón Ólafsson